

Umhverfisstofnun mál UST202010-035

Garðabæ 12.1.2022


Athugasemd við tillögu að starfsleyfi fyrir Matfugl ehf. að Hurðarbaki Hvalfjarðasveit, er varðar stækkun á eldisheimild Matfugls ehf.


Við undirrituð eigendur Brekkubæjar, Vestra-Miðfellslandi Hvalfjarðarsveit leggjumst eindregið gegn því að fyrirhuguð stækkun kjúklingabúsins verði samþykkt og starfsleyfi fyrir stærra búi gefið.

Það er stutt á milli frístunda húss okkar og kjúklinga búsins, eða einungis milli 7 og 800 metrar. Á góðviðrisdögum getur loftmengun frá búinu eins og það er í dag verið talsverð og eru loftgæði hjá okkur þá þannig að við verðum annað hvort að færa okkur inn í hús eða fara af staðnum bæði vegna megnrar ólyktar og svo virðist sem eitthvað sé í loftinu sem veldur ertingu í öndunarfærum. Spurning er hvort ekki sé hægt að gera endurbætur á núverandi rekstri til að laga neikvæð umhverfisáhrif sem frá búinu stafa.

Afrit sent til Hvalfjarðarsveitar.

Virðingarfallst


Bjarni Jónsson


Jóanna H. Sigurðardóttir